

134. Fundur

134. fundur í stjórn Starfsmenntunarsjóðs starfsmanna stofnana Alþingis var haldinn fimmtudaginn 12. desember 2024. Fundurinn var haldinn í húsnæði Alþingis, Smiðju, og hófst kl. 13:00. Mætt voru á fundinn Ása Hulda Oddsdóttir, Þórdís Hadda Yngvadóttir og Helga Sigmundsdóttir sem ritaði fundargerð. Helga er ný í stjórninni og er kjörin af félagi starfsmanna Umboðsmanns Alþingis í stað Odds Þorra Viðarssonar.

Stjórnin ákvað að Þórdís Hadda og Ása Hulda myndu halda óbreyttum hlutverkum og að Helga myndi taka við af Oddi Þorra sem gjaldkeri og ritari. Á fundinum var jafnframt samþykkt að Þórdís Hadda myndi einnig frá prókúru hjá Íslandsbanka til þess að geta greitt út styrki úr sjóðnum.

Farið var yfir erindi frá Skattinum vegna upplýsinga um styrki vegna forskráningar á framtöl. Þórdís Hadda og Ása Hulda ætla að skoða það betur og hittast síðar vegna þessa.

Fyrir fundinum lágu 25. umsóknir, þar af voru 12 um starfsmenntunarstyrk, 8 um tómstundastyrk og 3 vegna hópferða erlendis. Þar að auki voru tvær umsóknir sem voru útistandandi frá síðasta fundi. Annars vegar var um að ræða umsókn um starfsmenntunarstyrk þar sem kvittun fylgdi ekki með og var hún greidd út samkvæmt nótu uppí samþykktu upphæð. Hins vegar var um að ræða umsókn um tómstundastyrk þar sem kvittun vantaði og hefur hún nú borist.

Alls var samþykkt að greiða úr sjóðnum við úthlutun á 134. fundi:

- 2.319.431 kr. samtals, þar af:
 - 1.643.111 kr. í starfsmenntunarstyrki
 - 316.320 kr. í tómstundastyrki
 - 360.000 kr. í hópferðastyrki

Engri umsókn var hafnað.

Fundi slitið 14:20